

Almennar skyldur gagnvart mannréttindum

Lagt fram af InterAction Council árið 1997

Inngangur

Þar sem viðurkenning á meðfæddri reisu, jafnrétti og óafsalanlegum réttindum allra meðlima í fjölskyldu mannkynsins er grundvöllur frelsis, réttlætis og friðar í heiminum og felur í sér skyldur og ábyrgð fyrir alla,

þar sem framsett krafa á réttindi getur valdið átökum, deilum, og endalausum ágreiningi, og vanrækslu á skyldum manna, og leitt til lögleysu og óreiðu,

þar sem að réttarríkið og efling á mannréttindum hvílir á vilja karla og kvenna við að breyta rétt við,

þar sem alþjóðleg vandamál krefjast alþjóðlegra lausna, sem einungis er hægt að bæta í gegnum hugmyndir, gildismat og viðmið virt af öllum menningarheimum og þjóðfélögum,

þar sem allt fólk, eftir bestu vitund og getu, ber ábyrgð á að hlúa betur að þjóðskipulagi, bæði heima fyrir eins og á heimsvísu, markmið sem ekki er hægt að ná með lögum, fyrirmælum, og sáttmálum einu saman,

þar sem vonir um framfarir og umbætur geta aðeins ræst gegn samþykkt á vissum gildum og stöðlum, sem hafa sömu þýðingu fyrir alla einstaklinga og stofnanir á hverjum tíma,

Af þessari ástæðu kunngjörir

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna eftirfarandi

yfirlýsingu á sameiginlegri ábyrgð gagnvart mannréttindum. Hún á að standa sem mælikvarði fyrir alla einstaklinga og allar þjóðir, með það að markmiði að hver einstaklingur og hver stofnun þjóðfélagsins, hafi þessa yfirlýsingu stöðugt í huga, sem hluti af þróun samfélagsins og til að fræða alla meðlima þeirra. Við, þjóðir jarðar getum þannig endurnýjað og styrkt skuldbindingar sem lýst er í yfirlýsingunni: nefnilega, full viðurkenning á virðingu allra manna; óafsalanlegt frelsi þeirra og jafnrétti, og þeirra samstaða gagnvart hvor öðrum. Meðvitund og viðurkenning þessarar ábyrgðar ætti að vera breidd um allan heim.

Grundvallarreglur fyrir mannréttindi

1. grein

Sérhver manneskja, óháð kyni, uppruna, þjóðfélagsstöðu, stjórnmalaskoðun, tungumáli, aldri, þjóðerni eða trúarbrögðum, ber þá ábyrgð að meðhöndla alla menn á mannúðlegan hátt.

2. grein

Engin manneskja styður ómannúðlega hegðun, af því allir bera ábyrgð á því að leitast eftir reisu og sjálfsvirðingu allra annarra.

3. grein

Enginn einstaklingur, hópur eða stofnun, ekkert ríki, né her eða lögregla standa yfir góðu og illu; allir eru hluti af siðfræðilegum stöðlum. Allir bera þá ábyrgð að efla gott og að forðast illt í öllu.

4. grein

Allir, gæddir vitsmunum og samvisku, verða að samþykkja ábyrgð gagnvart öllum og öllu, fjölskyldum og samfélögum, kynþáttum, þjóðernum og trúarbrögðum í anda samstöðu. Það sem þú vilt ekki að þér sé gert, gerir þú ekki öðrum.

Ofbeldisleysi og virðing á lífinu

5. grein

Sérhver einstaklingur ber ábyrgð á því að virða hverskonar líf. Enginn hefur rétt á því að skaða, pynda eða drepa aðra manneskju. Þetta útilokar ekki réttinn á réttlætanlegri sjálfsvörn einstaklinga eða samfélaga.

6. grein

Ágreining milli ríkja, hópa eða einstaklinga skal leysa án ofbeldis. Engin ríkisstjórn ætti að lýða eða taka þátt í þjóðarmorðum eða hryðjuverkum, né ættu þær að misnota konur, börn eða aðra borgara sem verkfæri á tímum stríða. Sérhver einstaklingur og almennur borgari ber þá ábyrgð að hegða sér á friðsamlegan hátt án beytingu valds.

7. grein

Sérhver manneskja er óendanlega dýrmæt og verður að njóta skilyrðislausrar verndar. Dýrin og náttúran krefjast einnig verndar. Allir einstaklingar bera ábyrgð á verndun loftans, vatnsins og jarðvegsins fyrir núverandi íbúa jarðarinnar og komandi kynslóðir.

Réttlæti og samstaða

8. grein

Sérhver einstaklingur ber þá ábyrgð að haga sér með heilindum, heiðarleika og sanngirni. Engin manneskja eða hópur skal ræna eða svipta aðra manneskju, eða hóp annarra, þeirra eign eða eigin geðþótta.

9. grein

Allt fólk, sem fær nauðsynleg tækifæri, ber ábyrgð á að gera alvarlegar tilraunir til að sigrast á fátækt, vannæringu, fáfræði og ójöfnuði. Þeir ættu að stuðla að sjálfbærri þróun um allan heim í þeim tilgangi að tryggja reisn, frelsi, öryggi og réttlæti fyrir alla.

10. grein

Allir einstaklingar bera ábyrgð á því að þróa hæfileika sína með dugnaði og kappkosti; allir eiga að hafa jafnan aðgang að menntun og að mikilvægum starfsmöguleikum. Hver og einn ætti að leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir misnunun á illa stöddum í þjóðfélaginu, fötludum og fórnarlömbum mismununar.

11. grein

Allar eignir og allur auður ættu að notast á ábyrgðarfullan hátt og í samræmi við réttlæti og í þágu framfara. Efnahagsleg og pólitísk völd skulu ekki meðhöndluð sem verkfæri til yfirráða, heldur í þágu efnahagslegs réttlætis og samfélagslegs jafnvægis.

Sannleiki og umburðarlyndi

12. grein

Sérhver einstaklingur ber ábyrgð á því að tala og starfa með sanni. Enginn, hversu háttsettur eða völdugur hann er, má ljúga. Réttur til einkalífs og persónulegs trúnaðar eða trúnaðar í starfi verður að vera virtur.

Engum er skylt að segja öllum, allan sannleikann hvenær sem er.

13. grein

Engir stjórnámálamenn, opinberir starfsmenn, framkvæmdastjórar, vísindamenn, rithöfundar eða listamenn eru undanþegnir almennum siðareglum, né læknar, lögfræðingar og aðrir sérfræðingar, sem bera sérstakar skyldur gagnvart viðskiptavinum sínum. Hvort sem talað er um faglegar eða almennar siðareglur, ættu þessar ávallt að endurspeglar almenna staðla hvað varðar sannleika og sanngirni.

14. grein

Frelsi fjölmiðla til að upplýsa almenning, að gagnrýna stofnanir samfélagsins og stjórnaraðgerðir, sem er nauðsynlegt fyrir réttlátt samfélag, ætti að notast með ábyrgð og gætni. Frelsi fjölmiðla ber sérstaka ábyrgð á nákvæmum og sönnum upplýsingum. Æsifréttamennska sem smánar aðra manneskju eða hennar æru ætti ávallt að forðast.

15. grein

Þó trúfrelsi verði að vera tryggt, bera fulltrúar trúarbragða sérstaka ábyrgð á því að forðast fordómafulla tjáningu og mismunun gagnvart þeim sem hafa aðrar skoðanir. Þeir ættu ekki að hvetja eða réttlæta hatur, ofstæki og trúarleg stríð, en frekar stuðla að umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu milli allra manna.

Gagnkvæm virðing og félagsbönd

16. grein

Allir karlar og allar konur bera ábyrgð á að sýna hvort öðru virðingu og skilning í nánnum samskiptum þeirra. Enginn ætti að stunda kynferðislegra misnotkun eða notfæra sér óöryggi annarar manneskju í þessum málum. Frekar ættu rekkjunautar að bera umhyggju fyrir hvers annars velferð.

17. grein

Þrátt fyrir alla menningarlega og trúarlega fjölbreytni, krefst hjónaband ástar, tryggðar og þeirrar getu að geta fyrirgefið hvort öðru. Markmið þessa sambands ætti að vera öryggi og gagnkvæmur stuðningur.

18. grein

Skynsamleg fjölskylduáætlanagerð er á ábyrgð hjónanna sjálfra. Sambandið á milli foreldra og barna ætti að endurspeglar gagnkvæma ást, virðingu, þakklæti og umhyggju. Engir foreldrar eða aðrir einstaklingar ættu að misnota börn eða misþyrma þeim.

Lokaorð

19. grein

Ekkert atriði þessarar yfirlýsingar má túlka á þann veg, að verið sé að gefa í skyn að einhverju ríki, einhverjum hópi eða einstaklingi sé heimilt að taka þátt í starfsemi, eða framkvæma eitthvað, sem miðar að misvirðingu skyldna, réttinda og frelsis sem sett eru fram í þessari yfirlýsingu og í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna frá árinu 1948.